

**PETTA GERÐIST: 31. JANÚAR 1982**

## Konur stofna samtök

Samtök um kvennaframboð urðu að veruleika þennan mánaðardag árið 1982. Hátt í fjögur hundruð konur mættu á stofnfundinn sem haldinn var á Hótel Borg og af þeim gerðust 150 stofnfélagar.

Mikill einhugur var ríkjandi og hafði ein kvennanna á orði að eftir þessum fundi hefði hún beðið í hálfu öld.

Samtökin buðu fram til borgarstjórnar í Reykjavík vorið 1982. Það gekk eftir og fengu þau tvo fulltrúa kjörna í borgarstjórn Reykjavíkur og tvo fulltrúa í bæjarstjórn Akureyrar það ár. Þá buðu samtökin fram í þremur kjördæmum í alþingiskosningunum 1983. Þau hlutu 5,5 prósent atkvæða og komu þremur fulltrúum á þing.



**Á STOFNFUNDINUM Á HÓTEL BORG**  
Hátt í 400 sátu fyrsta fund Samtaka um kvennaframboð.